

Upplýsingar um fylgigögn

Almennt um fylgigögn og staðfestingar

Umsækjanda er bent á að **eiga afrit** af öllum gögnum sem afhent eru með umsókn. Ef umbeðin fylgigögn vantar eða ef þau eru ekki fullnægjandi er **umsókn hafnað** og ökutækið fæst hvorki tollafgreitt né nýskráð. Afgreiðsla umsókna getur tekið allt að **tvo** sólarhringa, en ef viðkomandi gerð ökutækis hefur ekki áður verið skráð getur hún tekið allt að **þrjá** sólarhringa.

Upplýsingar um fastanúmer með tölvupósti og sms-skilaboðum:

Mikilvægt er að tilgreina netfang og/eða gsm-númer á umsókn, en upplýsingar um fastanúmer eru sendar með tölvupósti og SMS að lokinni forskráningu.

Áskilin fylgigögn:

Upprunavottorð: Staðfesting framleiðanda á því að ökutækið sé nýtt. Á vottorðinu skal tilgreina verksmiðjunúmer, nafn og tegund ökutækis ásamt stimpli og undirskrift fulltrúa framleiðanda. **Framvísa þarf frumriti vottorðsins.**

Staðfesting framleiðanda eða viðurkenndrar tækniþjónustu varðandi mengun (eingöngu bifhjól): Á bifhjólum eru engar upplýsingar um þá mengunarstaðla sem bifhjólið uppfyllir og því þarf að framvísa staðfestingu framleiðanda eða viðurkenndrar tækniþjónustu um að bifhjólið uppfylli bandarískar eða kanadískar kröfur um útblásturs- og hljóðmengun. Á staðfestingu skal tilgreina verksmiðjunúmer, nafn og tegund ökutækis, nöfn og númer staðla, ásamt stimpli og undirskrift framleiðanda eða viðurkenndrar tækniþjónustu. **Framvísa þarf frumriti vottorðsins.**

Staðfesting á öryggiskröfum: Sé ökutæki framleitt til notkunar í Norður Ameríku eru upplýsingar um þá öryggisstaðla sem það uppfyllir að finna á miða/plötu á ökutækinu. Um er að ræða merkinguna FMVSS (Federal Motor Vehicle Safety Standards) fyrir Bandaríkin og CMVSS (Canadian Motor Vehicle Safety Standards) fyrir Kanada. Ef þessar merkingar eru ekki á ökutækinu er það vísending um að ökutækið hafi ekki verið framleitt til notkunar í Bandaríkjunum eða Kanada.

Staðfesting framleiðanda eða viðurkenndrar tækniþjónustu á burðargetu einstakra ása og leyfðri heildarþyngd: Staðfestingu framleiðanda eða viðurkenndrar tækniþjónustu á burðargetu einstakra ása og leyfðri heildarþyngd ökutækis er að finna á miða/plötu á ökutækinu sjálfu sé það framleitt til notkunar í Bandaríkjunum eða Kanada. Ef þessi merking er ekki til staðar er það vísending um að ökutækið hafi ekki verið framleitt til notkunar í Bandaríkjunum/Kanada.

Farmbréf: Framvísa þarf farmbréfi (Bill of Lading, Air Waybill, Sea Waybill, Waybill) þar sem umsækjandi er tilgreindur innflytjandi og verksmiðjunúmer ökutækis kemur fram. Ef farmbréf er ekki gefið út þarf að framvísa staðfestingu á flutningi ökutækis þar sem fram kemur nafn innflytjanda og verksmiðjunúmer ökutækis. Ef ökutæki er framleitt hér á landi þarf staðfestingu frá innlendum framleiðanda.

Viðbótargögn fyrir tiltekna ökutækisflokkka:

Teikning af hópbifreið og eftirvagni til farþegaflutninga: Framvísa þarf málsettri teikningu af stærð, sætaskipan og farangursgeymslum í mælikvarðanum 1:20 eða 1:25. Sjá nánar upplýsingaskjal um hópbifreiðir (US.310).

Teikningar með eftirvagni eða tengitæki með leyfða heildarþyngd yfir 750 kg: Framvísa málsettri teikningu af ökutækinu með öllum aðalmálum (ekki kröfur um mælikvarða teikningar). Að auki skal fylgja teikning af hemlakerfi ökutækisins sem sýnir virkni aksturs- og stöðuhemla.

Teikningar af tjaldvögnum, felli- og hjólhýsum með leyfða heildarþyngd 750 kg og undir: Fylgja þarf teikning með öllum aðalmálum. Ekki eru gerðar kröfur um mælikvarða teikningarinnar.

Pöntun skráningarmerkja – flýtipöntun.

Til að flýta fyrir skráningu ökutækis býðst umsækjanda að panta skráningarmerki um leið og umsókn er lögð fram. Greiða þarf fyrir skráningarmerkin við pöntun. Nauðsynlegt er að tilgreina tegund og stærð skráningarmerkja. Ef sótt er um einkamerki skal fylla út *Umsókn um einkamerki* (US.151). Skráningarmerki eru pöntuð frá framleiðanda að lokinni forskráningu og berast Umferðarstofu á þriðja degi frá pöntun. Hægt er að óska eftir flýtipöntun gegn sérstöku flýtigjaldi, en fastanúmeri er þá úthlutað af lager og merkin því tilbúin strax að lokinni forskráningu. Skráningarmerki eru send á skoðunarstofu að lokinni forskráningu.

Nýskráningarbeiðni.

Að lokinni forskráningu er gefin út nýskráningarbeiðni. Ef umsækjandi tilgreinir netfang er beiðnin send með tölvupósti að lokinni forskráningu. Ef netfang er ekki tilgreint er hægt að nálgast nýskráningarbeiðni hjá Umferðarstofu eða á skoðunarstofu.

Skoðun á skoðunarstofu:

Fyrir nýskráningu þarf að færa ökutæki til samanburðar- eða skráningarskoðunar á faggiltri skoðunarstofu þar sem gengið er úr skugga um að um rétt ökutæki sé að ræða, að merkingar á búnaði þess séu í lagi og ástand þess að öðru leyti í samræmi við reglur um gerð og búnað ökutækja. Ef skoðunarstofa er tilgreind á umsókn **og** gengið hefur verið frá greiðslu fyrir skráningarmerki, eru þau send þangað að lokinni forskráningu.

Eyðublöð og upplýsingaskjöl má nálgast á heimasíðu Umferðarstofu
www.us.is